

**Stuttar leiðbeiningar vegna:
Aðgreining á íslenskri sumargotssíld og norsk-íslenskri
vorgotssíld að sumarlagi**

Íslenska sumargotssíldin er að hrygna í júlí, með hámarki um miðjan mánuðinn. Fram að þeim tíma (frá byrjun maí) er hún með þroskaða hrognasekki (mynd 1) og svil (mynd 2).



Mynd 1. Hrygna með þroskaða hrognasekki (íslensk síld frá ~maí-júlí).




Mynd 2. Hængur með þroskuð svil (íslensk síld frá ~maí-júlí).

Norska síldin hrygnir í mars/apríl og er því mögur í byrjun sumars og með óþroskaða kynkirtla (mynd 3 og 4).



Mynd 3. Hrygna með hrygnda hrognasekki (norsk síld frá ~maí-júlí).



Mynd 4. Hængur með hrygnd svil (norsk síld frá ~maí-júlí).

Aðgreining milli stofnanna tveggja er einna helst erfið síðla sumars (ágúst/september) en ætti samt að ganga vel. Íslenska síldin hefur þá blóðhlaupna og litla kynkirtla (sbr. mynd 3 og 4) en sú norska hefur byrjað að þroska kynkirtlana (svipar til mynda 1 og 2 en gætu verið eitthvað minni). Þessi munur helst fram að hrygningu þeirrar norsku.